

# Heimildaskráning og tilvísanir

Hér á eftir er yfirlit yfir reglur um skráningu heimilda og meðferð tilvísana. Nemendur eru vinsamlega beðnir að fylgja þessum reglum við alla heimildavinnu í Heiðarskóla. Reglumar eru í samræmi við *Handbók um ritun og frágang* og vísast í hana ef nánari upplýsinga er þörf.

**Athugið að fylgja þarf reglum um skáletrun og gæsalappir og hafa aðrar línur en þá fyrstu inndregna!**

## Skráning heimilda í heimildaskrá

### Bók eftir einn íslenskan höfund

Einar Már Guðmundsson. 1997. *Fótspor á himnum*. Mál og menning, Reykjavík.

### Bók eftir einn erlendan höfund

Martindale, Andrew. 1985. *Gothic Art*. Thames and Hudson, London.

» Sé bók eftir fleiri en einn höfund er nöfnum þeirra raðað eins og þau koma fyrir á bókarkápu.

### Bók eftir tvo íslenska höfunda

Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 1995. *Handbók um ritun og frágang*. 4. útgáfa. Iðunn, Reykjavík.

### Bók eftir tvo erlenda höfunda

Fromkin, Victoria, og Robert Rodman. 1978. *An Introduction to Language*. Holt, Rinehart og Winston, New York.

### Bók eftir þrjá eða fleiri íslenska höfunda

Einar Már Jónsson, Loftur Guttormsson og Skúli Þórðarson. 1981. *Mannkynssaga. Tuttugasta öldin*. Fyrri bindi (1914-1945). Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

### Bók eftir þrjá eða fleiri erlenda höfunda

Greenberger, Martin, Julius Aronofsky, James L. McKenney og William F. Massy, ritsjtj. 1974. *Networks for Research and Education: Sharing of Computer and Information resources Nationwide*. MIT Press, Cambridge.

» Takið eftir að orðin í heitum erlendra bóka eru skrifuð með stórum stöfum, nema smáorð.

### Höfundar ekki getið

*Sturlunga saga I*. 1988. Örnólfur Thorsson ritsjtj. Svart á hvítu, Reykjavík.

### Greinasafn eftir einn höfund

Halldór Laxness. 1972. *Af skáldum*. Hannes Pétursson valdi efnið. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.

## Grein í greinasafni eftir marga höfunda

Anna Valdimarsdóttir. 1994. Listin að elska, listin að lifa. *Fjölskyldan, uppspretta lífsgilda*. Landsnefnd um Ár fjölskyldunnar : Félagsmálaráðuneytið, Reykjavík.

## Þýðing

Stoppard, Miriam. 1993. *Barnalæknirinn*. Ólafur Grétar Kristjánsson íslenskaði. Iðunn, Reykjavík.

## Ritsöfn og sýnisbækur

Guðrún Bjartmarsdóttir (ritstjóri). 1988. *Bergmál*. Sýnisbók íslenskra þjóðfræða. Mál og menning, Reykjavík.

## Upplýsingar vantar

Ársæll Sigurðsson. [án árs]. *Móðurmál*. 1. hefti. Ríkisútgáfa námsbóka, Reykjavík.

Atli Harðarson. 1992. *Tölvukver*. [án útgáfustaðar], Aldamót.

Þorbjörn Broddason. 1987. *Um fjölmiðla : greinasafn*. Reykjavík, [án forlags].

## Grein úr alfræðibók

1. Greinar merktar höfundi:

Hamilton, Clarence Herbert. 1964. Buddhism. *Encyclopædia Britannica* 4:354-362. William Benton, London.

2. Höfundar ekki getið:

*Íslenska alfræðiorðabókin A-G*. 1990. Búddatrú, bls. 224-225.

Ritsjtj. Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir. Örn og Örlygur, Reykjavík.

## Skýrsla

*Aðalnámskrá grunnskóla. Móðurmál*. 1989. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

## Bæklingur

1. Höfundar getið:

Svava Ólafsdóttir. [án árs]. *Réttur þinn í samskiptum við hið opinbera*.

Stjórnsýslulögin nýju. Bæklingur gefinn út af forsætisráðuneytinu.

2. Höfundar ekki getið:

*Örorkulífeyrir*. 1994. Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík.

### Grein úr tímariti

Ólafur Grétar Kristjánsson. 1995. Himnaríki er ekki fávitahæli.  
*Tímarit Mál og menningar*, 3. tbl. 56. árg.: 48-57

### Grein úr dagblaði

Orri Hauksson og Illugi Gunnarsson. 1997. Nýtingarréttur er séreign. *Morgunblaðið*,  
14. september.

### Ritdómur úr tímariti

Einar Már Jónsson. 1998. Ritdómur um *Solku* eftir Björn Th. Björnsson.  
*Tímarit Mál og menningar*, 4. tbl. 59. árg.: 129-132

### Ritdómur úr dagblaði

Sigríður Albertsdóttir. 1998. Ritdómur um *Mariugluggann* eftir Fríðu Á.  
Sigurðardóttur. *DV*, 28. október.

### Biblían

*Biblían. Heilög ritning. Gamla testamentið og nýja testamentið*. 1981.  
Hið íslenska Biblíufélag, Reykjavík.

### Útvarp / sjónvarp / myndband / hljóðrit

Einar Þór Gunnlaugsson. 1998. *Á ferð í Nikaragúa*. Ríkisútvarpið - Rás 1.  
14. desember.

Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir. 1997. *Næmynd - Vigdís Grímsdóttir rithöfundur*.  
Ríkisútvarpið - Sjónvarp. 14. september.

Hrefna Haraldsdóttir. 1998. *Skáldatími - Hallgrímur Helgason*. 27 mín. Hugsjón,  
Reykjavík. Myndband.

Bach, Johann Sebastian. 1997. *Johann Sebastian Bach*. Pavilion, London.  
Geisladiskur.

### Efni af margmiðlunardiski

*Mayo Clinic Family Health Book*. 1992. Allergy. Interactive edition.  
Aðalritstj. David E. Larson. Interactive Ventures, Mayo Clinic-Mac,  
Foundation for Medical Education and research.

### Heimildir af vef

Jón Már Halldórsson. 2009. Hvaða sveppir á Íslandi eru eittraðir? *Vísindavefurinn*. Sótt 21. september  
2009 af <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=53276>

Wikipedia. World War II. Sótt 4. október 2012 af [http://en.wikipedia.org/wiki/World\\_War\\_II](http://en.wikipedia.org/wiki/World_War_II)

Sigurður Bogi Sævarsson. 2009. Helmingur notar einkabíl minna. *Morgunblaðið*, 21. september. Sótt í gagnasafn Morgunblaðsins 22. september 2009 af [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1301256](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1301256)

Fjölbrotaskóli Suðumesja. 2009. Skólareglur. Sótt 14. september 2009 af <http://www.fss.is/skolinn/skolareglur/>

### **Gæsalappir**

Heiti greinar úr tímariti eða bók er stundum haft í gæsalöppum. Hér er sú aðferð ekki sýnd í dæmunum en þeir sem kjósa geta notað þá aðferð.

### **Munnlegar heimildir**

Munnlegar heimildir fá sémeðferð. Þær eru ekki skráðar með öðrum heimildum heldur aftan við þær skriflegu og dagsetning þegar viðtalið fór fram:

Jón Jónsson: Viðtal 13.12.1996.

### **Tilvísanir í heimildaskrá**

Þegar beinar eða óbeinar tilvitnanir eru notaðar verður alltaf að geta heimildar. Til heimildar vísar maður svona: (Höfundur, ártal:blaðsíða). Dæmi: (Halldór Halldórsson, 1950:25). Þessar tilvísanir geta a nnað hvort verið í sviga eftir tilvitnuninni eða í neðanmálsgrein, neðst á blaðsíðunni. Dæmi <sup>1</sup>.

<sup>1</sup> Halldór Halldórsson, 1950:25.

Ef um annars konar heimildir er að ræða, t.d. heimildir af vef þá er þumalputtareglan sú að skrá fyrstu tvö atriðin í heimildaskrá.

Ef heimildaskráning lítur svona út:

Jón Már Halldórsson. 2009. Hvaða sveppir á Íslandi eru eittraðir? *Vísindavefurinn*. Sótt 21. september 2009 af <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=53276>

Þá væri tilvísunin svona:

Jón Már Halldórsson. 2009.

- Ágætis þumalputtaregla er sú að fyrstu tvær upplýsingarnar í heimildaskráningu eiga að vera í tilvísun, oftast höfundur og ártal (auk blaðsíðutals ef vísað er í bók).